

Gjaldskrá þessi sem sett er samkv. 2. mgr. 49. gr., 3. mgr. 77. gr., 2. og 4. mgr. 80. gr. laga nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir þjónustustörf Vinnueftirlits ríkisins nr. 96/1981.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1982.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

21. júní 1982.

Nr. 339.

## AUGLÝSING

um staðfestingu á breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur.

Hinn 22. október 1981 hefur skipulagsstjórn ríkissins staðfest þá breytingu á aðalskipulagi Reykjavíkur að um það bil 60 metra breið spilda meðfram Skipholti sem áður var ætluð undir stofnanir verði framvegis jöfnum höndum ætluð undir íbúðir, iðnað, stofnanir og skrifstofur.

*Félagsmálaráðuneytið, 21. júní 1982.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Hólmfriður Snæbjörnsdóttir.*

Nr. 340.

## REIKNINGUR

yfir tekjur og gjöld styrktarsjóðs þeirra, sem bíða tjón af jarðeldum, fyrir árið 1981.

Sjóður í ársbyrjun:

Búnaðarbankainnstæða nr. 521704 .....	kr.	8 025,00
Vextir .....	—	3 550,00
		<hr/>
	kr.	11 575,00

Sjóður til næsta árs:

Búnaðarbankainnstæða nr. 521704 .....	kr.	11 575,00
		<hr/>
	kr.	11 575,00

*Félagsmálaráðuneytið, 15. júní 1982.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Lára Hafliðadóttir.*